



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 11. desember 2023

Staðsetning fundar: Reitir

Dagsetning: mið 11.12.2023 kl. 15:00

Mætt: Áróra, Íris, Ragnar, Anna, Alexandra. Fjarverandi: Anna, Olga, Sunna, Sirrý

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland – Grænni byggð –stjórn 2023-2024:

1. Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), formaður - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
2. Alexandra Kjeld (AK), ritari og varaformaður – EFLA - alk@efla.is
3. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS), gjaldkeri – Reginn – sunna@reginn.is
4. Ragnar Ómarsson (RÓ), meðstjórnandi– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - sirry@hornsteinn.is
6. Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – HMS – olga.arnadottir@hms.is
7. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), meðstjórnandi – annasi.ark@gmail.com

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Af nýlegum verkefnum og störfum framundan

Rætt um tengslahópa innan Grænni byggðar og stofnun þeirra á nýju ári. Fundarboð verða send út fljótlega eftir áramót, með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara. Mikill áhugi er fyrir tengslahópi varðandi opinber innkaup og verður efnt til stofnunar slíks hóps.

Framkvæmdastjóri fór einnig yfir ýmis önnur mál sem voru rædd innan stjórnar;

- CIRCON heimasíða er að verða tilbúin. Skýrslan er einnig að verða tilbúin en allar helstu upplýsingar eru að finna á væntanlegri heimasíðu.
- WP4 Rannsóknarskýrsla er að klárast hjá verkefnisstjórnnum GB, verður kynnt fljótlega.
- Styrk- og verkefnagreiðslur eru nú að berast á réttum tíma, andstætt reynslu síðastliðinna missera, svo að fjárhagur félagsins lítur vel út næstu mánuði.
- EU GBC „Drastic“ verkefni umsókn – hagaðilastofa og vinnustofa um hringrásarhagkerfið.
- GB tekur þátt í umsókn um New Nordic Bauhaus samkeppni sem send var í Energy pathfinder (Horizon) – ný samkeppni um framúrskarandi vistvænt mannvirki á Norðurlöndunum. Grænni byggð mun taka á móti tilnefningum og skipa dómnefnd.
- Rætt um mögulega viðburði framundan (morgunfundir, málþing); m.a. timburvinnsla, umhverfisorð í íðorðabanka o.fl.
- Haldinn var stuttur stjórnarfundur Grænni byggðar þann 20. nóvember til að undirbúa fjárhagsfund vegna Hringvangs, þar sem rædd voru drög að fjárhag Hringvangs sem og aðkomu GB til framtíðar.
- Skoðuð var staða aðgerða innan BGF verkefnisins og hún rædd m.v. afstöðu innan byggingargeirans.



2. Hækkun félagsgjalda 2023

Starfsemi Grænni byggðar hefur sjaldan verið öflugri en á árinu sem er að líða. Styrkir hafa fengist fyrir fjölmörgum rannsóknarverkefnum og eru starfsmenn félagsins nú fjórir og umfangið sífellt að aukast. Grænni byggð er mikilvægur hlekkur í sjálfbærari byggingariðnaði og til samtakanna er leitað eftir þekkingu og ráðum reglulega, þar sem við sitjum t.d. í mörgum starfshópum þar sem við komum fram fyrir hönd aðildarféлага okkar.

Grunnstarfsemi félagsins er rekinn á aðildargjöldum féлага okkar og án þeirra væri félagið ekki til. Aðildagjöld hafa ekki verið hækkuð frá 2019 og í ljósi aukinna umsvifa og hækkunar á verðlagi kynnum við nú hækkun á gjaldskrá sem tekur gildi fyrir næsta ár. Langstæsti hluti útgjalda félagsins eru laun starfsfólks og hefur launavísitala hækkað um næstum 30% frá síðustu hækkun aðildagjalda og vísitala neysluverðs hefur hækkað um ca. 20%. Við kynnum því hækkun á aðildagjöldum um 12-12,8 %

| Aðildagjöld 2019-2022 | Aðildagjöld 2023 | Hækkun |
|--------------------------|---------------------|--------|
| 665.000 | 750.000 | 12,8% |
| 400.000 | 450.000 | 12,5% |
| 133.000 | 150.000 | 12,8% |
| 25.000 | 28.000 | 12,0% |